

AUGLÝSING

um ökutækjatryggingar.

1. gr.

Samkvæmt heimild í 3. mgr. 91. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, er ákveðið að váttryggingarfjárhæðir ábyrgðartryggingar ökutækja samkvæmt 2. mgr. 91. gr. skuli vera 439 millj. kr. vegna líkamstjóns eða vegna missis framfæranda og 102 millj. kr. vegna tjóns á munum.

2. gr.

Samkvæmt heimild í 2. mgr. 92. gr. umferðarlaga er ákveðið að váttryggingarfjárhæð slysatryggingar ökumanns samkvæmt 1. mgr. 92. gr. skuli vera 17 millj. kr.

3. gr.

Samkvæmt heimild í 4. másl. 3. mgr. 6. gr. reglugerðar um lögmæltar ökutækjatrýggingar, nr. 556 29. desember 1993, er ákveðið að hámark eigin áhættu váttryggingartaka samkvæmt 2. másl. 3. mgr. 6. gr. skuli vera 75.000 kr. fyrir einstakling og 162.000 kr. fyrir rekstraraðila, svo og að hámark eigin áhættu samkvæmt 3. másl. 3. mgr. 6. gr. skuli vera 27.000 kr.

4. gr.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi 1. mars 1994.

Jafnframt fellur úr gildi auglýsing um ábyrgðartryggingu ökutækja o.fl., nr. 77 17. febrúar 1993.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 23. febrúar 1994.

Þorsteinn Pálsson.

Ólafur W. Stefánsson.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Akureyrar.

Samkvæmt 29. gr. orkulaga nr. 58 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrá Hitaveitu Akureyrar er taki gildi 1. janúar 1994:

Gjaldskrá Hitaveitu Akureyrar, nr. 176, 26. apríl 1993 með áorðnum breytingum:

Verð fyrir hvern rúmmetra af heitu vatni lækkar um 5,44% úr kr. 119,50 í kr. 113,00. Aðrir gjaldskrárliðir verða óbreyttir.

Iðnaðaráðuneytið, 24. febrúar 1994.

F. h. r.

Árni Þ. Árnason.

Steinunn Bjarmann.